

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Egilsstaðir, 28. desember 2022
UST202202-420/F.Æ.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.11.2022–Fjarðabyggð, urðunarstaður Þernunesi

Þann 22. nóvember sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar, Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik, sem kom fram í eftirliti árið 2021, var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 21. og 22. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1 hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Samkvæmt úrbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 25. nóvember 2021 stóð til að öll gögn sem uppá vantaði yrðu til staðar og þeim skilað 1. maí 2022. Gögn vegna 2020 bárust ekki með þeim gögnum sem skilað var vegna ársins 2021 og er því farið fram á uppfærða úrbótaáætlun.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Í gr. 4.2 í starfsleyfi eru talin upp þau efni sem mæla á í sigvatni frá urðunarstaðnum.
2. Laus olíutankur er á svæðinu og er starfsleyfishafa bent á að koma honum fyrir þannig að hætta sé lágmörkuð á að hann verði fyrir hnjaski.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.4 og 4.1 í starfsleyfi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og reikna daglega uppgufun, og senda Umhverfisstofnun niðurstöður með öðrum skráningum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri